

Mál nr. 400/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um ábyrgð eiganda bifreiðar vegna samstuðs við mann á reiðhjóli 31. maí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttekið 1. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26. nóvember 2021, ásamt lögregluskýrslu og myndum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðin X hafi lent saman við mann á reiðhjóli við hringtorg í Hádegismóum. Í skýrslunni er haft eftir M, ökumanni bifreiðarinnar X, að hann hafi ekið að hringtorginu og litið til vinstri til að athuga með umferð af Suðurlandsvegi, enga slíka séð og því ekið áfram og þá hafi hann lent á reiðhjólamannti. M kveðst hafa ekið mjög hægt og litið til hægri þegar hann ók af stað en ekki séð reiðhjólamanntinn fyrir en hann lenti á bifreiðinni. Reiðhjólamaðurinn kveðst hafa komið að hringtorginu og ætlað yfir göngupverun þegar hann sá bifreiðina X aka í átt að hringtorginu þannig að ökumaður hennar hefði hægt ferðina. Reiðhjólamaðurinn ætlaði að hjóla af stað yfir akbrautina en kvaðst hafa tekið eftir því að ökumaður bifreiðarinnar leit ekki til hægri áður en hann ók inn í hringtorgið og þannig hafi þeir lent saman.

M telur sig ekki bera alla á ábyrgð tjónsatburði og bendir m.a. á að ekki hafi verið ljós á reiðhjólinu eða hjólið að fatnaður mannsins sem hjólaði ekki í sterkum litum. M telur að reiðhjólamaðurinn hafi verið í hvarfi bak við skýli þegar M ók að hringtorginu og ekki sé nóg að hann hafi haldið að M myndi hleypa honum yfir heldur hefði hann átt að tryggja það með því að ná augnsambandi. M telur því að báðir aðilar hefðu mátt gæta sín betur og að hann einn eigi ekki að bera ábyrgð á atvikinu.

V vísar til ákvæða í umferðarlögum nr. 77/2019 varðandi aðgát reiðhjólamannta og forgang við akstur af bifreiðastæði eða svipuðum stöðum í 3. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 26. gr. laganna og telur að reiðhjólamaðurinn hafi ekki gætt ítrustu varkárni og meta megi háttsemi hans til gáleysis þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bifreið X lenti saman við mann á reiðhjóli við hringtorg í Hádegismóum. Á eigendum ökutækja hvílir hlutlæg ábyrgð skv. 1. mgr. 4. gr., þ.e. eigandi bifreiðar ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun bifreiðarinnar þó tjónið sé ekki hægt að rekja til bilunar eða galla á bifreiðinni eða ógætni ökumanns. Þetta þýðir að M ber hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem hlaut af notkun bifreiðar hans í greint sinn.

Í 4. og 5. mgr. 4. gr. sömu laga um ökutækjetryggingar kemur fram að ef tjónþoli hefur orðið meðvaldur að tjóni sínu með annars vegar gáleysi (munatjón) eða hins vegar stórkostlegu gáleysi (líkamstjón), þá geti hann þurft að bera tjón sitt að fullu eða að hluta. Í þessu máli liggur ekki fyrir með skýrum hætti hvort reiðhjólamaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi, enn síður stórkostlegt gáleysi, í aðdraganda tjónsatburðar og ber V hallann af sönnunarskorti þar um. Verður hann því ekki látinn bera hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar X ber alla ábyrgð á árekstri við reiðhjól.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir